



200.40



200.80

Til hamingju!

Þú hefur valið tæki frá FUTECH. FUTECH býður upp á hágæða mælitæki með nákvæmni. Ráðleggingar frá faglegum endanlegum notendum gera okkur kleift að bjóða upp á nýjungagjarnan búnað sem er auðveldur í notkun.

MIKILVÆGT!

Lestu notkunarleiðbeiningarnar vandlega áður en búnaðurinn er notaður. Geymdu þær á öruggum stað til uppsláttar þegar þörf krefur.


Geymdu tækið þar sem börn ná ekki til, hvort sem kveikt er á því eður ei.

Þessi búnaður er hágæða nákvæmnistæki sem meðhöndla þarf með varúð. Forðast skal högg og titring. Eftir notkun skal ávallt setja tækið í burðartöskuna. Tryggðu að taskan og tækið sé þurt. Annars getur raki myndast í tækinu. Tryggðu að gluggarnir séu lausir við óhreinindi. Aðeins má þrifa þá með mjúkum klút og glerhreinsivöru. Ávallt skal nota lásbúnaðinn við flutning. Reglulega skal kanna nákvæmni tækisins, einkum við upphaf umfangsmikils verks. Þú berð ein/n ábyrgð á nákvæmni verka þinna. Ekki nota neinn ljósfræðilegan búnað á borð við stækkunargler til að horfa á leysigeislann. Fjarlægðu alla endurkastandi hluti til að forðast augnskaða. Staðsettu leysinn þannig að enginn geti horft í leysigeislann (óviljandi eða viljandi). Undir engum krin-gumstæðum má taka tækið í sundur því það getur útsett þig fyrir öflugri leysigeislun. Leysinn má aðeins nota til að varpa leysilinum. Ekki nota tækið í rigningu eða nálægt eldfimum efnum. Tæknilegar breytingar eða breytingar á tækinu geta farið fram án nokkurs fyrirvara. Ábyrgð fram-leiðanda nær aldrei fram yfir verðmæti viðgerðarkostnaðar eða endurnýjunar á tækinu. Virða skal umhverfið og EKKI má farga tækinu eða rafhlöðunum með heimilissorpi. Fara skal með slíkt á endurvinnslustöð.


Allar skýringarmyndir, lýsingar og tækniforskriftir eru háðar breytingum án nokkurs fyrirvara.

DISTY40 / DISTY80

HANDBÓK



Skjár



Gangsetning


Rafhlöður settar í / endurnýjaðar

- Taktu rafhlöðulokið af og festu handólina.
- Komdu rafhlöðunum fyrir og tryggðu rétta skautun
- Lokaðu aftur rafhlöðulokinu

Skiptu á rafhlöðum þegar rafhlöðutáknið (21) blikkar varanlega á skjánum.

Athugaðu

Aðeins skal nota alkalín-rafhlöður eða hleðslurafhlöður
Fjarlægðu rafhlöðurnar ef þær verða ekki notaðar í langan tíma til að forðast
hættuna á tæringu.




Breyting á viðmiðunarpunkti (fjölnota búnaður)

Tækinu má breyta fyrir eftirfarandi mæliaðstæður:

- Fyrir mælingar frá brún, taktu stillingarfestinguna út þar til hún læsist.
- Fyrir mælingar frá horni, opnaðu stillingarfestinguna þar til hún læsist, þrýstu henni síðan örlítið til hægri til að taka hana út að fullu.

Innbyggður nemi greinir sjálfkrafa legu stillifestingarinnar og stilli núllpunkt tækisins í samræmi við það.



Valmyndaaðgerðir

Mælingar

●-hnappur (þrýst lengi á hann) - Þrýstu aftur á hann til að breyta einingu á fjarlægðarmælingu. Eftirfarandi einingar eru í boði m (metri), ft (fet), in (tomma), ft +/- in (fet - tommar 1/16)

Beep

● button (press long). You can choose the beep on or off as required.

Samfelldur leysir (—✕)

✚ Prýstu og haltu inni hnappinum þegar kveikt er á tækinu þar til tákn ✚ birtist varanlega á skjánum með píp-hljóði. Ef þrýst er aftur á ✚ hnappinn þá birtist fjarlægðarmæling. Þrýstu á ✚-hnappinn og haltu til að slökkva á tæki og leysi.

Mæling með þrífóti

Viðmiðun þarf að stilla á viðeigandi hátt svo hægt sé að framkvæma rétta mælingu með þrífót. Þú getur skipt um viðmiðun með ✚-hnappinum. Hægt er að birta stillinguna á skjánum.

Skjár með lýsingu

Þrýstu stutt á ✚-hnappinn, hægt er að kveikja eða slökkva á skjá með lýsingu.

Nýjustu útgáfur af Disty eru ekki með þessa aðgerð. Skjár er ávallt upplýstur.

Notkun

Kveikja og slökkva

Kveikir á tæki og leysi. Skjárinn sýnir rafhlöðutáknið að ✚-hnappinum.

Ef þrýst er lengur á ✚-hnappinn þá slokknar á tækinu. Það slokknar sjálfkrafa á tækinu ef það er ekki notað í þrjár mínútur.

Hreinsa hnappur

Ef þrýst er á -hnappinn er síðasta aðgerð afturkölluð. Við magnmælingu má eyða hverri mælingu og endurmæla í röð.

Reference

Sjálfgefinn viðmiðunarstilling er aftan á tækinu. Skjárin mun sýna þér .

Þrýstu á -hnappinn til að breyta viðmiðunarpunktinum að framan. Skjárin mun sýna þér .

Þrýstu á -hnappinn aftur til að breyta viðmiðunarpunktinum að aftan. Skjárin mun sýna þér .

Með því að taka út innbrotnu festinguna um 180° breytist viðmiðunarpunkturinn sjálfkrafa í enda festingarinnar. Skjárin sýnir , núna geturðu framkvæmt mælingar frá horni.

Hæð

Þú getur kveikt eða slökkt á hæðarmælinum eins og þörf krefur með því að þrýsta á -hnappinn.

Mæling

Mæling á einni fjarlægð


Þrýstu á  til að virkja leysinn. Þrýstu aftur á  til að virkja fjarlægðarmælingu. Niðurstaðan birtist strax.

Lágmarks/hámarks mæling

Þessi aðgerð gerir notandanum kleift að mæla lágmark hámarks fjarlægðar frá föstum mælipunkti. Hana má nota til að ákvarða bil. Hún er yfirleitt notuð til að mæla hámarksgildi hornalínu herbergis) eða lárétta fjarlægð (lágmarks gildi).

Þrýstu á -hnappinn og haltu þessum hnappi niðri þar til þú heyrir píp-hljóð. Sveiflaðu síðan leysinum hægt fram og til baka og upp og niður yfir markpunktinn (t.d. í átt að horni herbergis).

Þrýstu á -hnappinn til að stöðva samfellda mælingu. Gildin fyrir hámarks og lágmarks fjarlægð eru sýnd á skjánum sem og síðasta mælda gildi í yfirlitslínunni.



Hallamæling

- Hallaneminn mælir halla á milli $\pm 45^\circ$.
- Við hallamælingu ætti að halda tækinu án þverlægs halla, eins mikið og mögulegt er, ($\pm 10^\circ$).

Samlagning/frádráttur

Fjarlægðarmæling

- Notaðu -hnappinn til að bæta mælingu við þá fyrri. Þetta ferli má endurtaka eins oft og nauðsyn krefur.
- Notaðu -hnappinn til að draga mælingu frá þeirri fyrri. Þetta ferli má endurtaka eins oft og nauðsyn krefur.
- Notaðu -hnappinn til að hætta við síðasta skref.

Svæði

Þrýstu einu sinni á -hnappinn. Táknid  birtist á skjánum.

- Þrýstu á -hnappinn til að framkvæma fyrstu mælingu (t.d. lengd)
 - Þrýstu á -hnappinn til að framkvæma næstu mælingu (t.d. breidd)
- Niðurstaðan birtist í yfirlitslínunni.

Magn

Þrýstu tvisvar á -hnappinn. Táknid  birtist á skjánum.

- Þrýstu á -hnappinn til að framkvæma fyrstu mælingu (t.d. lengd)
 - Þrýstu á -hnappinn til að framkvæma næstu mælingu (t.d. breidd)
 - Þrýstu á -hnappinn til að framkvæma þriðju mælingu (t.d. hæð).
- Niðurstaðan birtist í yfirlitslínunni.

Hallamæling

Þrýstu í fáeinar sekúndur á -hnappinn til að virkja hallanemann. Hallagráðugögn og hallatáknið $\uparrow$ eða $\downarrow$ birtist á skjánum.

Þrýstu á -hnappinn til að fara í mæliham.

Þrýstu á -hnappinn til að mæla halla og fjarlægð.


Óbein mæling


Tækið getur mælt fjarlægð með því að notast við Pýþagórasarregluna.

Tryggðu að þú fylgir uppgefinni röð mælinga:

- Allir markpunktar verða að vera á láréttum eða lóðréttum fleti.
- Besta niðurstaða næst þegar tækinu er snúið í kringum fastan punkt (t.d. þegar stillingafestingin er að fullu sett út og tækið er sett á vegg).
- Lágmarks/hámarks mælingu má nota - sjá útskýringu í „Mæling → lágmarks/hámarks mæling“ (síða 6). Lágmarks gildi skal nota eða mælingar við rétt hallahorn mælimerka. Hámarks gildið er notað fyrir allar aðrar mælingar.

Tryggðu að fyrsta mæling og fjarlægð sem mæla skal sé við rétt hallahorn. Notaðu lágmarks/hámarks aðgerðina, eins og útskýrt er í „Mæling → Lágmarks/hámarks mæling“.






• Óbein mæling - fjarlægð ákvörðuð með 2 aukamælingum

t.d. til að mæla hæð eða breidd bygginga. Gott er að nota þrífót við hæðarmælingu þar sem þörf er á mælingu á tveimur af þremur mælingum.

Þrýstu á -hnappinn einu sinni, skjárin sýnir -tákn. Það kviknar á leysinum. Miðaðu á efri punktinn og virkjaðu mælingu með því að nota . Eftir fyrstu mælingu er gildið tekið í notkun. Niðurstaðan birtist í yfirlitslínunni, hallahornið í annarri línu, hæðin (lóðrétt) í þriðju línu og breiddin (lárétt) í efstu línu.

Vinsamlegast hafðu í huga að lengd láréttu línunnar er aðeins rétt þegar þú framkvæmir nákvæma lóðréttu mælingu.



• Óbein mæling - fjarlægð ákvörðuð með 3 mælingum

Þrýstu á -hnappinn tvisvar; skjárin sýnir -tákn. Það kviknar á leysinum. Miðaðu á efri punktinn og virkjaðu mælingu með því að nota . Eftir að fyrstu mælingu er lokið birtir efsta lína skjásins fjarlægðina.

Miðaðu á neðri punktinn og virkjaðu mælingu með því að nota . Núna birtist niðurstaðan á skjánum (efst til neðst):

- Fjarlægð að efri punkt
- Hallahorn á milli efri og neðri punkts
- Fjarlægð að neðri punkt
- Fjarlægð á milli efri og neðri punkts (hæð)

Geymsla á föstum/sögulegum geymslugögnum

Þrýstu stutt á -hnappinn,  birtist. Fyrri 10 niðurstöður (mælingar á útreiknuðum niðurstöðum) eru sýndar í öfugri röð.

 og  hnappana má nota til að skoða.

Gerðu fyrri niðurstöður tiltækar til frekari útreiknings með því að þrýsta á .

Viðauki

Skilaboðakóðar

DTækið birtir villuskilaboð með tákni eða villukóða, háð þjónustu þinni.

TÁKN	KÓÐI	VANDAMÁL	LAUSN
	203	RAFHLÖÐUR TÓMAR	SKIPTU UM RAFHLÖÐUR
	402	ÚTREIKNINGSVILLA	FRAMKVÆMDU MÆLINGAR Í RÉTTRI RÖÐ
	301	HITASTIG OF HÁTT	LEYFÐU TÆKINU AÐ KÓLNA
	302	HITASTIG OF LÁGT	HITAÐU TÆKIÐ
	101	ENDURKASTAÐ MERKI OF VEIKT	NOTAÐU ENDURKASTAÐ MÆLIMARK
	102	ENDURKASTAÐ MERKI OF STERKT	NOTAÐU ENDURKASTAÐ MÆLIMARK
	201	UMHVERFISLÝSING ER OF BJÖRT	FRAMKVÆMDU MÆLINGU Í MINNA UPPLÝSTU UMHVERFI
	401	VÉLBÚNAÐARBILLA / VÉLAR-BILUN	KVEIKTU OG SLÖKKTU NOKKRUM SINNUM Á TÆKINU. TÆKIÐ KANN AÐ VERA GALLAÐ EF SKILABOÐIN HALDA ÁFRAM AÐ BIRTAST. HAFÐU SAMBAND VIÐ SÖLUADILANN ÞINN TIL AÐ FÁ AÐSTOÐ EÐA LÁTA GERA VIÐ TÆKIÐ.

Mæliaðstæður

Mælisvið

Disty40 takmarkast við 40 m, Disty80 við 80 m. Að næturlagi eða í rökkri og ef mælimörk eru í skugga eykst mælisviðið án markplötu. Notaðu markplötu til að auka mælisvið í dagsbirtu eða ef mælmark er með lélegt endurskin.

Markfletir

Mælivillur geta átt sér stað þegar mælt er í áttina að litlausum vökvum (t.d. vatni) eða ryklausu gleri, frauðplasti eða álíka hálfgegndræpum flötum. Ef miðað er á fleti með mikinn glans getur það sveigt leysigeislanum af leið og orsakað mælivillur. Mælitíminn getur lengst þegar dökkur fletir og fletir sem endurkasta ekki eru mældir.

Viðhald

Ekki setja tækið ofan í vatn. Þurrkaðu óhreinindi af með rökum, mjúkum klút. Ekki nota tærandi hreinsiefni eða -lausnir. Meðhöndlaðu tækið á sama máta og sjónauka eða myndavél.

Allar skýringarmyndir, lýsingar og tækniforskriftir eru háðar breytingum án nokkurs fyrirvara.

ALMENNT

Lýsing

Eftirfarandi leiðbeiningar gera þeim sem er ábyrgur fyrir vörunni, og þeim sem í raun nota búnaðinn, að spá fyrir um og forðast áhættu við notkun. Sá aðili sem ber ábyrgð á vörunni verður að tryggja að allir notendur hennar skilji þessar leiðbeiningar og fylgi þeim.

Óheimiluð notkun

- Notkun vörunnar án leiðbeininga.
- Notkun út fyrir mörk hennar.
- Öryggisbúnaður gerður óvirkur.
- Hættutilkynningar fjarlægðar.
- Varan opnuð með verkfærum, til dæmis skrúfjárn, nema slíkt sé beinlínis heimilað við ákveðnar aðgerðir.
- Breytingar eða umbreytingar á vörunni.
- Misnotkun.
- Notkun vörunnar ef hún er með sýnilegar skemmdir eða galla.
- Notkun á aukabúnaði frá öðrum framleiðendum án fyrirfram samþykkis FUTECH.
- Ófullnægjandi öryggisráðstafanir á vinnustað, til dæmis við notkun á eða nálægt vegum.
- Visvitandi blinda þriðja aðila.
- Stjórnun véla, færsla hluta eða álíka eftirlitsnotkun án viðbótarstjórnækja og öryggisbúnaðar.

AÐVÖRUN

Óheimiluð notkun getur leitt til líkamstjóns, bilunar og skemmda. Sá sem ber ábyrgð á búnaðinum ber skylda að tilkynna notandanum um hættur og hvernig megi sporna gegn þeim. Vöruna má ekki nota fyrr en notandinn hefur fengið leiðbeiningar um notkun hennar.

TAKMARKANIR Á NOTKUN

Umhverfi

Hafa þarf samband við öryggisfyrirvöld á staðnum og öryggissérfræðinga áður en vinna fer fram á hættulegum svæðum, eða í nágrenni við rafmagnsbúnað eða álíka aðstæðum af þeim sem stjórnar vörunni.

HÆTTA

Hafa þarf samband við öryggisfyrirvöld á staðnum og öryggissérfræðinga áður en vinna fer fram á hættulegum svæðum, eða í nágrenni við rafmagnsbúnað eða álíka aðstæðum af þeim sem stjórnar vörunni.

ÁBYRGÐ

Framleiðandi vörunnar

Laseto N.V., Belgía, BE0808.043.652, hér eftir vísað til sem FUTECH, ber ábyrgð á að láta vöruna í té, þar á meðan notkunarhandbókina og upprunalegan aukabúnað, þannig að hún sé að fullu í

öruggu ástandi

Framleiðendur aukabúnaðar sem er ekki frá FUTECH

Framleiðendur aukabúnaðar fyrir vöruna sem er ekki frá FUTECH bera ábyrgð á að þróa, innleiða og miðla öryggisreglum fyrir vöru sína. Þeir bera einnig ábyrgð á skilvirkni þessara öryggisreglna í samsetningu með FUTECH vörunni.

Aðili sem stjórnar vörunni

Á þeim sem stjórnar vörunni hvíla eftirfarandi skyldur:

- Að skilja öryggisleiðbeiningar vörunnar og leiðbeiningarnar í notkunarhandbókinni.
- Að þekkja reglugerðir á staðnum er varða öryggi og slysavarnir.
- Að tilkynna FUTECH samstundis ef varan og eða notkun verður óörugg.

HÆTTA VIÐ NOTKUN

AÐVÖRUN

- Sá sem ber ábyrgð á vörunni verður að tryggja að hún sé notuð í samræmi við leiðbeiningarnar. Aðilinn ber einnig ábyrgð á þjálfun og ráðstöfun starfsmanna sem nota vöruna og öryggi þess búnaðar sem notaður er.
- Ef leiðbeiningar eru ekki fyrir hendi, eða ófullnægjandi er skýrt frá leiðbeiningum, getur það leitt til rangrar og

óheimilaðrar notkunar og orsakað slys sem hafa alvarleg áhrif á menn, efni, fjárhag og umhverfi.

- Allir notendur verða að fylgja öryggisleiðbeiningum framleiðanda og leiðbeiningum þess sem ber ábyrgð á vörunni.
- Sýna þarf árvekni fyrir röngum mælinum ef varan hefur dottið niður eða verið misnotuð, breytt eða geymd í langan tíma eða flutt.
- Með reglubundnum hætti skal framkvæma prófunarmælingar og stillingar sem finna má í notkunarhandbókinni, einkum ef varan hefur verið notuð á óeðlilegan máta og fyrir og eftir mikilvægar mælingar.
- Ef varan er notuð með aukabúnaði, til dæmis mastri, stiku, stöngum getur það aukið hættuna á því að eldingu skjóti niður í það.
- Ekki nota vöruna í þrumuveðri.
- Ófullnægjandi trygging á vinnusvæði getur leitt til hættulegra aðstæðna, til dæmis í umferð, á byggingasvæði og við rafmagnsbúnað.
- Ávallt skal tryggja að vinnustaðurinn sé traustur. Fylgja skal reglugerðum er lúta að öryggi, slysavörnum og umferð.
- Ef aukabúnaðurinn sem notaður er með vörunni er ekki tryggilega gestur og varan verður fyrir vélarbilun, til dæmis fýkur um koll eða dettur, getur

varan orðið fyrir skemmdum eða fólk getur orðið fyrir líkamstjóni.

- Við uppsetningu á vörunni skal tryggja að aukabúnaðurinn sé rétt aðlagður, uppsettur, festur og læstur í stöðu. Forðast skal að setja aflfræðilegt álag á vöruna.
- Við flutning, sendingu eða förgun á rafhlöðunum geta óviðeigandi aflfræðileg áhrif skapað brunahættu.
- Fyrir sendingu vörunnar eða förgun hennar skal tæma rafhlöðurnar með því að keyra vöruna þar til þær eru tómar. Við flutning eða sendingu rafhlaðanna verður sá sem stjórnar vörunni að tryggja að viðeigandi innlendum og alþjóðlegum reglum og reglugerðum sé fylgt. Fyrir flutning eða sendingu skal hafa samband við farþega- eða vöruflutningafyrirtæki á staðnum.
- Mikið aflfræðilegt álag, hár umhverfishiti eða idýfing í vökva getur valdið leka, bruna eða sprengingu í rafhlöðunum.
- Verndaðu rafhlöðurnar gegn aflfræðilegum áhrifum og miklum umhverfishita. Ekki missa eða setja rafhlöðurnar ofan í vökva.
- Rafskaut þar sem skammhlaup hefur átt sér stað geta ofhitnað og valdið líkamstjóni eða bruna. Til dæmis þegar þau eru geymd eða flutt í vösum og ef

rafskautin komast í snertingu við skartgrip, málmhúðaðan pappír eða annan málm.

- Tryggðu að rafskautin komist ekki í snertingu við málmhluti.
- Við notkun vörunnar er hættu á þrýstingi sökum ganghluta.
- Geymið slíkt í öruggri fjarlægð frá ganghlutum. Ef vörunni er fargað á óviðeigandi máta getur eftirfarandi átt sér stað: Ef fjölliðuhlutir brenna myndast eitruð gas sem getur skapað heilsuskaða.
- Ef rafhlöður verða fyrir skemmdum eða hitna mikið geta þau sprungið og valdið eitrun, bruna, tæringu eða umhverfismengun.
- Með því að farga vörunni á óábyrgan hátt kann þú að gera óheimiludum aðilum kleift að nota hana þannig að hún brjóti gegn reglugerðum, útsett sig og þriðju aðila fyrir hættu á alvarlegu líkamstjóni og ýtt undir umhverfismengun.
- Ekki má farga vörunni með heimilis-sorpi. Farga skal vörunni á viðeigandi hátt í samræmi við þær innlendu reglugerðir sem eru í gildi í landinu þínu.

FLOKKUN LEYSIS

Almennt

Eftirfarandi tilskipanir (í samræmi við alþjóðlega staðalinn IEC 60825-1 (2007-03) og IEC TR 60825-14 (2004-02)) veita leiðbeiningar og þjálfunarupplýsingar þeim sem bera ábyrgð á vörunni og þeim sem notar í raun búnaðinn, til að sjá fyrir og forðast áhættu við notkun. Sá aðili sem ber ábyrgð á vörunni verður að tryggja að allir notendur hennar skilji þessar leiðbeiningar og fylgi þeim.

Vörur sem flokkaðar eru sem leysiflokkur 1, flokkur 2 og flokkur 3R gera ekki kröfu um:

- Þátttöku öryggisfulltrúa á leysisviði
- Hlíðarfatnað og gleraugu
- Sérstök aðvörunarskilti á vinnusvæði leysis

Ef notaðar eru og stjórnað eins og skilgreint er í þessari notkunarhandbók sökum lítillar hættu á augnskaða.

Vörur sem flokkaðar eru sem leysiflokkur 2 eða flokkur 3R geta valdið blindu, leifturblindu, einkum við aðstæður með lítið umhverfisljós.

DISTY40 / DISTY80

HANDBÓK

TÆKNIFORSKRIFTIR	DISTY40	DISTY80
MÆLISVIÐ	0,05 TIL 40 M	0,05 TIL 80M
MÆLINÁKVÆMNI	DÆMIGERT ± 2 MM	
BIRTINGARNÁKVÆMNI	1 MM	
FLOKKUN LEYSIS	FLOKKUR 2M II	
TEGUND LEYSIS	620-690 NM, <1 MW	
FJARLÆGÐARMÆLING MEÐ HALLANEMA	✓	
LÁRÉTT MÆLISVIÐ	$\pm 45^\circ$	
LÁRÉTT MÆLINÁKVÆMNI	$\pm 0,3^\circ$	
SVÆÐI, MAGNMÆLING	✓	
ÓBEIN MÆLING	✓	
PÝPAGÓRASARKENNING	✓	
PLÚS-MÍNUS AÐFERÐ	✓	
SAMFELLD MÆLING	✓	
LÁGMARKS/HÁMARKS MÆLING	✓	
SÝNA LÝSINGU	✓	
SÝNA PÍP	✓	
FJÖLNOTA BÚNAÐUR	✓	
VERND GEGN SKVETTUM OG RYKI	IP54	
SÖGULEG GEYMSLA	10	
HITASVIÐ VIÐ NOTKUN	0°C TIL 40°C	
HITASVIÐ VIÐ GEYMSLU	-20°C TIL 70°C	
ENDINGARTÍMI RAFHLÖÐU	3000 TIL 5000 MÆLINGAR	
VAL Á RAFHLÖÐU	LR6 (AA) - 2X 1,5V	
SLOKKNAR SJÁLFKRAFA Á LEYSI	EFTIR 30 SEKÚNDUR	
SLOKKNAR SJÁLFKRAFA Á TÆKI	EFTIR 3 MÍNÚTUR	
MÁL	123 X 44 X 23 MM	
PYNGD	0,11 KG (ÁN RAFHLÖÐU)	



JOIN US



Facebook
@futechtools



LinkedIn
futech-tools



World Wide Web
futech-tools.com